

Þriðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 82/1974: Snorri h/f
 gegn
 Kyndli h/f

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
 varr og Einar Arnalds.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. apríl 1974, sem barst Hæstarétti 22. s. m.

Málsatvik eru þau, að hinn 1. apríl 1974 var háð þighald í fógetadómi Keflavíkur af Sveini Sigurkarlssyni, fulltrúa bæjarfógeta. Var tekin fyrir beiðni sóknaraðilja um, að lagt yrði löghald á eignir varnaraðilja til tryggingar skuld samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 297.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Af hálfu varnaraðilja var bent á til löghalds tvær bifreiðar, Ö 1174 og Ö 2126. Bókað er í fógetabók, að sóknaraðili krefjist „vörslusviptingar á bifreiðinni Ö 2126 . . .“. Þá er bók- að, að fógeti „lýsti yfir því, að hann gerði löghald í framangreindum bifreiðum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallsins og áfallandi að geymdum betri rétti þriðja manns.“ Ekki var tekin afstaða til kröfu sóknaraðilja um vörslusviptingu.

Í kærubréfi sínu til bæjarfógetans í Keflavík lýsir lögmaður sóknaraðilja, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, kæru sinni og kröfum svo: „Í löghaldsgerð í dag í málinu Snorri h.f. gegn Kyndli h.f., sem fram fór til tryggingar greiðslu víxils að fjárhæð kr. 297.000.00 per 23. desember s.l., var gert löghald í bifreiðum gerðarpóla nr. Ö 1174 og Ö 2126, og voru mér jafnframt fengnar vörslur bifreiðarinnar Ö 2126. Tók ég við bifreiðinni og bað um, að hún mætti standa, a. m. k. til kl. 18. í dag, fyrir utan skrifstofur yðar á Vatnsnesvegi 32 í Keflavík. Jafnframt bað ég fulltrúa yðar um að varðveita kveikjúláslykil bifreiðarinnar og afhenda hann ekki

nema samkvæmt leyfi mínu. Var þessu lofað af hans hálfu.

Umræddur fulltrúi, Sveinn Sigurkarlsson, hringdi til mín rétt í þessu og tilkynnti mér, að hann hefði þá fyrir stuttu tekið ákvörðun um að skila bifreiðinni í vörslu gerðarpola og afhent honum hana.

Umrædda ákvörðun fulltrúa yðar með eftirfarandi afhendingu bifreiðarinnar leyfi ég mér hér með að kæra til Hæstaréttar. Mun ég þar krefjast þess, að ákvörðuninni og afhendingunni verði hrundið og bifreiðin sótt til gerðarpola og mér fengnar vörslur hennar á nýjan leik.“

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Málsefni það, sem um er fjallað í kæru sóknaraðilja, sætir ekki kæru til Hæstaréttar samkvæmt lögum. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Víta ber kæru þessa, sem er andstæð lögum og tilefnislaus.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
